

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 125/2019

frá 8. maí 2019

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og um breytingu á tilskipun 2008/48/EB og 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 11.
- 2) IX. og XIX. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31g (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010):

„- **32014 L 0017**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 11.“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31i (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010):

„31j. **32014 L 0017**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og um breytingu á tilskipun 2008/48/EB og 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34) sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 11.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin „aðildarríki/n“ og „lögbær yfirvöld“

(1) Stjtið. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34.

þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni, í þeirri röð.

- b) Í b-lið 3. mgr. 5. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt eftir orðunum „evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni) (EBA)“.
- c) Í 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 27. gr. koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019“ í stað orðanna „20. mars 2014“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- d) Í 5. mgr. 14. gr. orðast „20. mars 2014“, að því er varðar EFTA-ríkin, sem „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019“ og í stað orðanna „21. mars 2019“ koma orðin „næstu fimm ár“.
- e) Í 2. mgr. 26. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:

„Liechtenstein er undanþegið hagskýrslufræðilegu eftirliti sem krafist er skv. 2. mgr. 26. gr.“
- f) Í fimmtu undirgrein 2. mgr. og b-lið 4. mgr. 34. gr. koma orðin „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, getur aðhafst“ í stað „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur aðhafst“.
- g) Í 37. gr. koma orðin „getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, farið eftir valdinu sem henni er falið samkvæmt þeirri grein og allar bindandi ákvarðanir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ í stað orðanna „getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin farið eftir valdinu sem henni er falið samkvæmt þeirri grein og allar bindandi ákvarðanir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar“.
- h) Í 43. gr. koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019“ í staðinn fyrir orðin „21. mars 2016“ og „20. mars 14“ og í staðinn fyrir orðin „21. mars 2017“ koma orðin „eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019“.

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 7h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB) í XIX. viðauka við EES-samninginn:

- „- **32014 L 0017**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 11.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/17/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 11, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.